

AUGLÝSING

um samning um Alþjóðastofnun um leiðarmerki í siglingum.

Hinn 9. september 2025 var franska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um Alþjóðastofnun um leiðarmerki í siglingum, sem gerður var í París 27. janúar 2021.

Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 9. október 2025 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 27. nóvember 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR UM ALPJÓÐASTOFNUN UM LEIÐARMERKI Í SIGLINGUM****Formálsorð**

Ríkin sem eru aðilar að samningi þessum,

SEM MINNAST ÞESS að Alþjóðasamtök vitastofnana voru stofnuð hinn 1. júlí 1957 og voru endurnefnd Alþjóðasamtök um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir árið 1998,

SEM VIÐURKENNA hlutverk Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir við umbætur og áframhaldandi samhæfingu á sviði leiðarmerkja fyrir örugga, fjárhagslega hagkvæma og skilvirka för skipa til hagsbóta fyrir samfélag siglingaþjóða og verndun umhverfisins,

SEM HAFA Í HUGA ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982 og alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum og

SEM HAFA ENN FREMUR Í HUGA að best er að alþjóðastofnanir annist samræmingu á þróun, umbótum og samhæfingu á sviði leiðarmerkja til hagsbóta fyrir samfélag siglingaþjóða og verndun umhverfisins,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.*Stofnsetning.*

1. Alþjóðastofnuninni um leiðarmerki í siglingum (hér á eftir nefnd „stofnunin“) er hér með komið á fót sem milliríkjastofnun samkvæmt alþjóðalögum.
2. Stofnunin skal starfa á sviði ráðgjafar og tæknimála.
3. Stofnunin skal hafa aðsetur í Frakklandi nema aðalþingið ákveði annað.
4. Fjalla skal ítarlega um starfssvið stofnunarinnar í almennu reglunum, sem eru með fyrirvara um ákvæði þessa samnings en eru ekki órjúfanlegur hluti hans. Ef ósamræmis gætir milli samnings þessa og almennu reglnanna eða annarra grundvallarskjala sem fjalla um stjórnunarhætti stofnunarinnar ganga ákvæði samningsins fram.

2. gr.*Skilgreiningar.*

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. **Leiðarmerki í siglingum (leiðarmerki):** búnaður, kerfi eða þjónusta, utan skips, sem er hönnuð og starfrækt til að stuðla að öruggari og skilvirkari siglingu einstakra skipa og umferð á sjó. Að því er varðar stofnunina nær þessi skilgreining einnig til skipaumferðarþjónustu.
2. **Aðildarríki:** ríki sem hefur samþykkt að vera bundið af þessum samningi og sem samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart.
3. **Samstarfsaðili:** yfirráðasvæði eða hópur yfirráðasvæða sem aðildarríki fer með alþjóðatengsl fyrir og sem það hefur óskað eftir aðild fyrir, sem hefur verið samþykkt af aðalþinginu, og landsfulltrúar Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir frá ríkjum sem eru ekki aðildarríki, í samræmi við 5. mgr. viðaukans.
4. **Tengdur aðili:** framleiðandi eða dreifingaraðili leiðarmerkjabúnaðar sem er til sölu eða stofnun eða fyrirtæki sem veitir þjónustu eða tækniráðgjöf á sviði leiðarmerkja í siglingum samkvæmt samningi og allar aðrar stofnanir og fyrirtæki eða vísindastofnanir sem tengjast leiðarmerkjum og hafa sótt um aðild sem samþykkt hefur verið af ráðinu.

3. gr.*Tilgangur og markmið.*

Tilgangur stofnunarinnar er að leiða saman ríkisstjórnir og stofnanir og fyrirtæki sem koma að reglusetningu, veitingu, viðhaldi eða starfrækslu leiðarmerkja til að vinna að þeim markmiðum:

- a) að hlúa að öruggri og skilvirkri för skipa með því að bæta og samhæfa leiðarmerki um heim allan til hagsbóta fyrir samfélag siglingaþjóða og verndun sjávarumhverfisins,
- b) að stuðla að aðgangi að tæknisamvinnu og uppbyggingu á getu í tengslum við öll málefni sem tengjast þróun og miðlun sérfræðiþekkingar, vísinda og tækni í tengslum við leiðarmerki,
- c) að hvetja til og greiða fyrir almenntri upptöku hæstu framkvæmanlegu staðla í málefnum sem varða leiðarmerki og
- d) að gera kleift að skiptast á upplýsingum um málefni sem stofnunin er með til umfjöllunar.

4. gr.

Hlutverk.

Til að ná fram þeim tilgangi og markmiðum sem sett eru fram í 3. gr. skal hlutverk stofnunarinnar vera:

- a) að þróa staðla, tilmæli, leiðbeiningar, handbækur og önnur viðeigandi gögn sem eru ekki bindandi og miðla þeim,
- b) að fjalla um og leggja fram tilmæli um staðla, tilmæli, leiðbeiningar, handbækur og önnur viðeigandi gögn sem henni kunna að vera send frá aðildarríkjum, samstarfsaðilum og tengdum aðilum, stofnun eða sérstofnun Sameinuðu þjóðanna eða annarri milliríkjastofnun,
- c) að sjá fyrir fyrirkomulagi fyrir samráð og upplýsingaskipti, m.a. um nýlega þróun og starfsemi aðildarríkja, samstarfsaðila og tengdra aðila,
- d) að þróa alþjóðlega samvinnu með því að stuðla að nánnum vinnutengslum og aðstoð milli aðildarríkja, samstarfsaðila og tengdra aðila,
- e) að greiða fyrir aðstoð, hvort sem er tæknilegri, skipulagslegri eða við þjálfun, við ríkisstjórnir, þjónustuaðila og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem óska eftir hjálp í tengslum við leiðarmerki,
- f) að skipuleggja ráðstefnur, málþing, málstofur, vinnufundi og aðra viðburði og
- g) að koma á sambandi og eiga samstarf við viðeigandi alþjóðastofnanir og aðrar stofnanir og fyrirtæki og bjóða upp á sérfræðiráðgjöf eftir því sem við á.

5. gr.

Aðild.

1. Stofnunin skal samanstanda af aðildarríkjum, samstarfsaðilum og tengdum aðilum.
2. Sérhvert aðildarríki sem fer með alþjóðatengsl fyrir yfirráðasvæði eða hóp yfirráðasvæða getur óskað eftir samstarfsaðild fyrir slíkt yfirráðasvæði eða hóp yfirráðasvæða með því að tilkynna framkvæmdastjóranum skriflega um það.
3. Ráðið getur krafist þess eða aðildarríki lagt fram beiðni um að þættir í umsókn um tengda aðild verði yfirfarnir af því eða þeim aðildarríkjum þar sem umsækjandinn stundar starfsemi sína eða hefur höfuðstöðvar eða skráða skrifstofu. Ráðið skal taka tillit til álits þeirra aðildarríkja sem leggja fram beiðni eða annast yfirferð þegar það tekur ákvörðun um tengda aðild.

6. gr.

Stjórnareiningar.

1. Stjórnareiningar stofnunarinnar skulu vera:
 - a) aðalþingið,
 - b) ráðið,
 - c) nefndir og undirnefndir sem eru nauðsynlegar til að styðja við starfsemi stofnunarinnar og
 - d) skrifstofan.
2. Stofnunin skal hafa formann og varaformann. Formaðurinn, eða varaformaður í fjarveru formanns, skal vera í forsæti fyrir aðalþinginu og ráðinu.
3. Í almennum reglum og reglum um fjármál skulu koma ítarlega fram þær starfsreglur sem gilda fyrir hverja stjórnareiningu og stýra daglegum rekstri stofnunarinnar.

7. gr.
Aðalþingið.

1. Aðalþingið er æðsta ákvarðanatökuvald stofnunarinnar og fer með öll völd stofnunarinnar nema mælt sé fyrir um annað í þessum samningi.
2. Aðalþingið skal skipað aðildarríkjum eingöngu. Samstarfsaðilum og tengdum aðilum er einnig heimilt að sitja fundi þess.
3. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn af sendimönnum sínum sem aðalsendimann sinn á aðalþinginu.
4. Reglulegir fundir aðalþingsins skulu haldnir þriðja hvert ár.
5. Boða skal til aukafunda aðalþingsins hvenær sem einn þriðji aðildarríkja tilkynnir framkvæmdastjóranum að þau óski eftir að boðað verði til fundar, eða hvenær sem ráðið telur það nauðsynlegt, með 90 daga fyrirvara.
6. Meirihluti aðildarríkjanna skal vera skilyrði fyrir ályktunarhæfi funda aðalþingsins.
7. Aðalþingið skal:
 - a) kjósa formann og varaformann úr hópi aðildarríkjanna í samræmi við almennu reglurnar,
 - b) marka stofnuninni heildarstefnu og stefnusýn,
 - c) yfirfara og samþykkja almennar reglur stofnunarinnar og reglur hennar um fjármál,
 - d) kjósa í ráðið úr hópi annarra aðildarríkja en þeirra sem fara með embætti formanns eða varaformanns, í samræmi við 8. gr.,
 - e) kjósa framkvæmdastjóra úr hópi ríkisborgara aðildarríkjanna í samræmi við almennu reglurnar,
 - f) stofna og slíta nefndum og undirnefndum og yfirfara og samþykkja erindisbréf þeirra,
 - g) yfirfara og samþykkja fjárhagsráðstafanir stofnunarinnar, þ.m.t. drög að fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú árin og hlutfall framlaga aðildarríkja og aðildargjöld sem samstarfsaðilum og tengdum aðilum ber að greiða,
 - h) fjalla um skýrslur og tillögur sem aðildarríki, ráðið eða framkvæmdastjórinn leggur fyrir það,
 - i) samþykkja staðla,
 - j) taka ákvarðanir um samstarfsaðild,
 - k) úrskurða um veitingu tengdrar aðildar að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja,
 - l) beina tilmælum til aðildarríkja, samstarfsaðila og tengdra aðila um málefni sem falla undir tilgang og markmið stofnunarinnar,
 - m) samþykkja samkomulög við ríki og alþjóðastofnanir og
 - n) taka ákvarðanir um önnur málefni sem falla undir tilgang og markmið stofnunarinnar.

8. gr.
Ráðið.

1. Ráðið er framkvæmdaraðili stofnunarinnar og ber ábyrgð á að stjórna starfsemi stofnunarinnar.
2. Ráðið skal skipað formanninum og varaformanninum og 23 öðrum aðildarríkjum.
3. Fulltrúar í ráðinu skulu kosnir með atkvæðagreiðslu á hverjum reglulegum fundi aðalþingsins, í samræmi við almennu reglurnar. Fulltrúar í ráðinu ættu að jafnaði að koma frá mismunandi heimshlutum til þess að fyrirsvar verði sem alþjóðlegast.
4. Í ráðinu skal fyrirsvar aðildarríkja helst vera á höndum sendimanns frá landsyfirvaldi sem ber ábyrgð á reglusetningu, veitingu, viðhaldi eða starfrækslu leiðarmerkja í siglingum í því aðildarríki.
5. Sautján fulltrúar í ráðinu, þ. á m. skal vera formaðurinn eða varaformaðurinn, skulu vera skilyrði fyrir ályktunarhæfi funda ráðsins.
6. Ráðið skal koma saman einu sinni á ári hið minnsta.
7. Aðildarríki, sem eiga ekki sæti í ráðinu, geta tekið þátt í fundum þess en hafa ekki atkvæðisrétt.
8. Ráðið skal:
 - a) vinna þau ábyrgðarstörf sem aðalþingið kann að fela því,
 - b) samræma starfsemi stofnunarinnar samkvæmt þeirri heildarstefnu, stefnusýn og drögum að fjárhagsáætlun sem aðalþingið ákveður,
 - c) yfirfara og samþykkja reikningsskilin, þ.m.t. árlegu fjárhagsáætlunina,

- d) taka ákvarðanir um tengda aðild,
 - e) kalla saman aðalþingið,
 - f) gefa aðalþinginu skýrslu um starfsemi stofnunarinnar,
 - g) yfirfara skjöl sem eru lögð fyrir það í samræmi við almennu reglurnar,
 - h) leggja fyrir aðalþingið öll mál sem því ber að taka ákvörðun um,
 - i) samþykkja tilmæli, leiðbeiningar, handbækur og önnur viðeigandi skjöl,
 - j) samþykkja erindi til annarra stofnana,
 - k) skipa formenn og varaformenn nefnda og undirnefnda og yfirfara og samþykkja vinnuáætlanir þeirra,
 - l) ákveða vettvang og ár ráðstefna og málþinga stofnunarinnar eins og lýst er í almennu reglunum og
 - m) samþykkja starfsmannareglurnar.
9. Fulltrúum í ráðinu er heimilt, eftir að hafa upplýst formanninn og framkvæmdastjórnann um það, að bjóða tengdum aðilum að taka þátt í fundum ráðsins sem tæknilegir ráðgjafar til að veita ráðgjöf og stuðning varðandi rekstrarleg og tæknileg málefni.

9. gr.

Nefndir og undirnefndir.

1. Nefndir og undirnefndir skulu styðja við tilgang og markmið stofnunarinnar.
2. Nefndirnar skulu:
 - a) útbúa og yfirfara staðla, tilmæli, leiðbeiningar, handbækur og önnur viðeigandi skjöl sem tilgreind eru í vinnuáætlunum,
 - b) fylgjast með þróun á sviði leiðarmerkja,
 - c) greiða fyrir því að aðildarríki, samstarfsaðilar og tengdir aðilar skiptist á sérfræðipækkingu og reynslu og
 - d) sinna öðrum verkefnum eftir því sem ráðið ákveður.

10. gr.

Skrifstofan.

1. Fastaskrifstofa stofnunarinnar skal samanstanda af framkvæmdastjórnunum og því starfsliði sem þörf kann að vera á vegna starfa stofnunarinnar innan samþykktis fjárhagsramma.
2. Kjörtímabil framkvæmdastjórans er þrjú ár. Heimilt er að endurkjósa hann allt að tvisvar til þriggja ára í senn samfelld.
3. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á daglegri stjórnun stofnunarinnar, með fyrirvara um leiðbeiningar frá aðalþinginu eða ráðinu.
4. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á því að gera samkomulög við ríki og alþjóðastofnanir, með fyrirvara um samþykki aðalþingsins í samræmi við m-lið 7. mgr. 7. gr.
5. Framkvæmdastjórinn skal skipa starfslið skrifstofunnar í samræmi við starfsmannareglurnar, á þeim kjörum og til að sinna þeim störfum sem framkvæmdastjórinn kann að ákveða.
6. Skrifstofan skal:
 - a) varðveita allar skrár og skýrslur sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að stofnunin geti sinnt starfi sínu með skilvirkum hætti og undirbúa, safna og dreifa öllum upplýsingum sem kann að verða óskað eftir,
 - b) fara með fjármál stofnunarinnar, undir stjórn ráðsins, í samræmi við almennu reglurnar,
 - c) undirbúa fjárhagsráðstafanir og reikningsskil,
 - d) halda aðildarríkjum, samstarfsaðilum og tengdum aðilum og öðrum stofnunum og fyrirtækjum upplýstum um starfsemi stofnunarinnar,
 - e) skipuleggja og styðja við fundi aðalþingsins, ráðsins, nefndanna og undirnefndanna,
 - f) skipuleggja og styðja við ráðstefnur og málþing sem ráðið samþykkir,
 - g) skipuleggja og styðja við málstofur, vinnufundi og aðra viðburði og
 - h) sinna öðrum þeim störfum sem henni kunna að vera falin með þessum samningi, almennu reglunum eða af aðalþinginu eða ráðinu.

7. Framkvæmdastjórinn og starfsliðið skulu ekki leita eftir eða taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn eða öðrum utan stofnunarinnar þegar þau gegna skyldustörfum sínum. Þau skulu ekki aðhafast neitt það sem gæti varpað rýrð á stöðu þeirra sem alþjóðlegir embættismenn sem einungis bera ábyrgð gagnvart stofnuninni. Sérhvert aðildarríki undirgengst fyrir sitt leyti að virða hið sérstaka alþjóðlega eðli þeirra ábyrgðarstarfa sem framkvæmdastjórinn og starfsliðið vinna og að reyna ekki að hafa áhrif á þau þegar þau gegna störfum sínum.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla.

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að aðalþingið og ráðið taki ákvarðanir með samhljóða samþykki aðildarríkja.
2. Ef ekki er unnt að taka ákvarðanir aðalþingsins eða ráðsins með samhljóða samþykki skal samþykkja þær með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða viðstaddra fulltrúa aðildarríkja og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.
3. Einungis aðildarríki skulu hafa atkvæðisrétt. Hvert aðildarríki skal hafa eitt atkvæði, nema að því leyti sem tilgreint er í 4. mgr. 13. gr.
4. Kosning formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra skal fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu með einföldum meirihluta viðstaddra fulltrúa aðildarríkja og skal atkvæðagreiðslan fara fram í samræmi við almennu reglurnar.
5. Kosning ráðsins skal ráðast af mesta fjölda atkvæða viðstaddra fulltrúa aðildarríkja, með leynilegri atkvæðagreiðslu, í samræmi við almennu reglurnar.

12. gr.

Tungumál.

Opinber tungumál stofnunarinnar eru arabíska, enska, franska, kínverska, rússneska og spænska.

13. gr.

Fjármögnun.

1. Kostnaður vegna starfsemi stofnunarinnar skal greiddur með fjármagni sem fengið er með:
 - a) framlögum aðildarríkja,
 - b) aðildargjöldum frá samstarfsaðilum og tengdum aðilum og
 - c) fjárgjöfum, dánargjöfum, styrkjum, gjafafé og öðrum fjármunum sem ráðið samþykkir samkvæmt ráðleggingum framkvæmdastjórans.
2. Hvert aðildarríki skal greiða framlag og hver samstarfsaðili og tengdur aðili skal greiða aðildargjald til stofnunarinnar ár hvert, sem nemur upphæð sem er ákvörðuð í samræmi við g-lið 7. mgr. 7. gr. Framlagið skal nema sama hlutfalli fyrir öll aðildarríkin.
3. Framlög aðildarríkja og aðildargjöld samstarfsaðila og tengdra aðila skulu koma til greiðslu í samræmi við reglurnar um fjármál.
4. Aðildarríki sem ekki hefur greitt framlög sín í tvö ár skal, að fenginni skriflegri tilkynningu framkvæmdastjórans um það, svipta atkvæðisrétti og rétti til að vera kjörið til setu í ráðinu uns ógreidd framlög hafa verið greidd, í samræmi við reglurnar um fjármál, nema aðalþingið veiti undanþágu frá þessu ákvæði.
5. Þegar ráðið hefur samþykkt endurskoðuð reikningsskil stofnunarinnar skal dreifa þeim til allra aðildarríkja, samstarfsaðila og tengdra aðila í ársskýrslu.

14. gr.

Réttarstaða lögaðila, forréttindi og friðhelgi.

1. Stofnunin hefur réttarstöðu lögaðila að þjóðarétti og hæfi til að:
 - a) gera samninga og samkomulög við ríkisstjórnir, stofnanir og fyrirtæki og aðra aðila,
 - b) afla fasteigna og lausafjár og ráðstafa þeim og
 - c) höfða mál fyrir dómstólum.
2. Stofnunin skal njóta forréttinda og friðhelgi á yfirráðasvæði sérhvers ríkis, sem á aðild að henni, að því marki sem kveðið er á um í samningi við hlutaðeigandi aðildarríki eftir því sem nauðsynlegt

kann að vera til þess að hún megi gegna hlutverkum sínum og ná þeim tilgangi og markmiðum sem henni eru sett.

3. Ekkert aðildarríki, samstarfsaðili eða tengdur aðili skal bera ábyrgð á athöfnum, aðgerðaleysi eða skuldbindingum stofnunarinnar fyrir sakir stöðu sinnar eða þátttöku í stofnuninni.

15. gr.

Breytingar.

1. Hverju aðildarríki er heimilt að leggja skriflega tillögu að breytingu á þessum samningi fyrir framkvæmdastjórnann.
2. Framkvæmdastjórninn skal dreifa breytingartillögunni til allra aðildarríkjanna á opinberu tungumálunum minnst sex mánuðum áður en aðalþingið tekur hana til umfjöllunar.
3. Samþykkja skal breytingartillöguna með atkvæðagreiðslu aðalþingsins.
4. Framkvæmdastjórninn skal senda vörsluaðila sérhverja breytingu sem samþykkt er í samræmi við 3. mgr. Sá síðarnefndi skal tilkynna öllum aðildarríkjunum um samþykkt breytingarinnar.
5. Breytingin skal öðlast gildi í öllum aðildarríkjunum sex mánuðum eftir að skriflegar tilkynningar um staðfestingu hafa borist vörsluaðila frá tveimur þriðju aðildarríkjanna, að undanskildu aðildarríki sem hefur tilkynnt vörsluaðilanum, áður en slík breyting öðlaðist gildi, að breytingin skuli einungis öðlast gildi eftir síðari tilkynningu um staðfestingu hennar að því er það aðildarríki varðar.
6. Þrátt fyrir 5. mgr. getur aðalþingið ákveðið, með samhljóða samþykki, að breytingin skuli öðlast gildi í öllum aðildarríkjunum sex mánuðum eftir að skriflegar tilkynningar um staðfestingu tveggja þriðju aðildarríkjanna hafa borist vörsluaðila. Ef aðildarríki tilkynnir, innan þessa sex mánaða tímabils, um úrsögn sína úr stofnuninni sakir breytingar skal úrsögnin öðlast gildi á þeim degi þegar slík breyting öðlast gildi, þrátt fyrir ákvæði 21. gr.
7. Vörsluaðili skal tilkynna aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnunum um gildistöku breytingarinnar og tilgreina daginn þegar hún öðlast gildi.

16. gr.

Fyrirvarar.

Engir fyrirvarar skulu gerðir við samning þennan.

17. gr.

Túlkun og deilumál.

Aðildarríkin skulu leitast við af fremsta megni að koma í veg fyrir deilur um túlkun eða beitingu þessa samnings og kappkosta að leysa úr deilumálum á friðsamlegan hátt, m.a. með samráðsfundum og samningaviðræðum sín á milli og öðrum aðferðum sem deiluaðilar koma sér saman um.

18. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í París frá 27. janúar 2021 og skal liggja frammi til 26. janúar 2022.
2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki undirritunar-ríkjanna.
3. Öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, sem hafa ekki undirritað samning þennan, er heimilt að gerast aðilar að honum frá og með deginum eftir að fresturinn til að undirrita hann er liðinn.
4. Skjöl um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu afhent vörsluaðila til vörslu, sem aftur skal tilkynna öllum ríkjum, sem hafa afhent honum slík skjöl til vörslu, og framkvæmdastjórnunum um það.

19. gr.

Vörsluaðili.

Franska lýðveldið skal vera vörsluaðili þessa samnings. Vörsluaðilinn skal skrá samning þennan skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

20. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er þrítugasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu.
2. Hvað varðar ríki, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að hann öðlast gildi, skal samningurinn öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu.
3. Umbreytingarfyrirkomulagið, sem skal gilda þegar samningur þessi öðlast gildi, er sett fram í viðaukanum.

21. gr.
Úrsögn.

1. Sérhverju aðildarríki er heimilt að segja sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans með minnst tólf mánaða fyrirvara og skal hinn síðarnefndi tafarlaust upplýsa öll aðildarríkin og framkvæmdastjórnann um slíka tilkynningu.
2. Leggja má fram tilkynningu um úrsögn hvenær sem er að sex mánuðum liðnum frá gildistökudegi samnings þessa.
3. Úrsögnin skal taka gildi þann 31. desember ársins eftir það ár þegar tilkynningin um úrsögn var afhent til vörslu.

22. gr.
Slit.

1. Slíta má samningi þessum með atkvæðagreiðslu aðalþingsins minnst sex mánuðum eftir að tilkynnt hefur verið um slíka atkvæðagreiðslu.
2. Dagsetning slitanna skal vera tólf mánuðum eftir dagsetningu framangreindrar ákvörðunar og fram að þeim tíma skal ráðið bera ábyrgð á slitum stofnunarinnar í samræmi við almennu reglurnar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í París 27. janúar 2021 á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir og skulu frumrit þeirra afhent til vörslu í skjalasafni vörsluaðila. Vörsluaðili skal senda staðfest afrit til allra ríkisstjórna sem hafa undirritað samninginn og sem gerast aðilar að honum og til framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Fyrir hönd Lýðveldisins Frakklands,

Annick GIRARDIN
Ráðherra málefna hafsins

VIÐAUKI
Umbreytingarfyrirkomulag.

Á XII. aðalþinginu sem haldið var í A Coruña 25.–31. maí 2014 samþykktu Alþjóðasamtökin um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir ályktun til staðfestingar á því að staða alþjóðastofnunar væri besta leiðin til að þjóna markmiðum þeirra og ákváðu að ná ætti slíkri stöðu sem allra fyrst með samþykkt alþjóðasamnings.

Þar af leiðandi var 13. gr. stofnskrár Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir breytt til að greiða fyrir slitum samtakanna og yfirfærslu eigna þeirra til stofnunarinnar.

Tilgangurinn með umbreytingarfyrirkomulaginu er að tryggja að ekki verði rof í viðleitni á alþjóðavettvangi til að þróa, bæta og samhæfa leiðarmerki og að greiða fyrir umbreytingunni frá Alþjóðasamtökunum um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir yfir í stofnunina.

1. Um leið og samningur þessi öðlast gildi skal bjóða formanni, varaformanni og ráði Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir að verða formaður, varaformaður og ráð stofnunarinnar og munu þau starfa sem slík þar til fyrsta aðalþingið, sem boðað verður til samkvæmt þessum samningi, hefur kosið sér formann, varaformann og ráð, sem verður að eiga sér stað innan sex mánaða.
2. Nefndir Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir skulu starfa uns búið er að skipa nefndir samkvæmt samningi þessum.
3. Fram að þeim tíma er skrifstofu stofnunarinnar hefur verið komið á fót skal bjóða skrifstofu Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir að þjóna því hlutverki og sinna störfum hennar. Framkvæmdastjóri Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir skal þjóna sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar þar til aðalþingið hefur kosið framkvæmdastjóra í samræmi við þennan samning.
4. Fram að þeim tíma er stofnunin hefur samþykkt almennar reglur skal hún starfa, að breyttu breytanda, samkvæmt almennum reglum Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir.
5. Allir landsfulltrúar Alþjóðasamtakanna um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir frá ríkjum sem eru ekki aðildarríki skulu, fari þeir formlega fram á það, verða samstarfsaðilar stofnunarinnar í allt að tíu ár frá því að samningur þessi öðlast gildi, nema aðalþingið ákveði að framlengja það tímabil.
6. Ef ríki með fyrrverandi landsfulltrúa með samstarfsaðild, í samræmi við 5. mgr., gerist aðildarríki skal samstarfsaðildin falla niður á þeim degi sem samningur þessi öðlast gildi fyrir það ríki.
7. Allir tengdir aðilar og iðnaðaraðilar að Alþjóðasamtökunum um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir sem eru í skilum með aðildargjöld sín skulu verða tengdir aðilar að stofnuninni, fari þeir formlega fram á það.
8. Yfirfærsla réttinda, hagsmuna, eigna og skulda frá Alþjóðasamtökunum um leiðarmerki í siglingum og vitastofnanir til stofnunarinnar mun eiga sér stað samkvæmt frönskum lögum.

CONVENTION ON THE INTERNATIONAL ORGANIZATION
FOR MARINE AIDS TO NAVIGATION

Preamble

The States Parties to this Convention:

RECALLING that the International Association of Lighthouse Authorities was established on 1st July 1957 and was renamed the International Association of Marine Aids to Navigation and Lighthouse Authorities in 1998;

RECOGNIZING the role of the International Association of Marine Aids to Navigation and Lighthouse Authorities in the improvement and continued harmonization of Marine Aids to Navigation for the safe, economic and efficient movement of vessels for the benefit of the maritime community and the protection of the environment;

CONSIDERING the provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea, 1982 and the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974, as amended; and

CONSIDERING FURTHER that developing, improving and harmonizing Marine Aids to Navigation for the benefit of the maritime community and the protection of the environment is best coordinated by international organizations;

HAVE AGREED as follows:

Article 1

Establishment

1. The International Organization for Marine Aids to Navigation (hereinafter the “Organization”) is hereby established under international law as an intergovernmental organization.
2. The Organization shall have a consultative and technical nature.
3. The Organization shall have its seat in France, unless otherwise decided by the General Assembly.
4. The functioning of the Organization shall be set forth in detail in the General Regulations, which are subject to the provisions of this Convention but do not form an integral part thereof. In the event of any inconsistency between this Convention and the General Regulations or any other basic documents covering the governance of the Organization, this Convention shall prevail.

Article 2

Definitions

For the purposes of this Convention:

1. **Marine Aid to Navigation** means a device, system or service, external to a vessel, designed and operated to enhance safe and efficient navigation of individual vessels and vessel traffic. For the purpose of the Organization this definition includes Vessel Traffic Services.
2. **Member State** means a State that has consented to be bound by this Convention and for which this Convention is in force.
3. **Associate Member** means a territory or group of territories for which a Member State has responsibility for its international relations and for which it has requested membership which has been approved by the General Assembly, and national members of the International Association of Marine Aids to Navigation and Lighthouse Authorities from States that are not Member States, in accordance with paragraph 5 of the Annex.
4. **Affiliate Member** means a manufacturer or distributor of Marine Aids to Navigation equipment for sale, or an organization providing Marine Aids to Navigation services or technical advice under contract and any other organization or scientific agency concerned with Marine Aids to Navigation which has applied for membership, and which has been approved by the Council.

Article 3

Aim and Objectives

